

9

12. gr.

11. jan. Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast oddviti eða sveitarstjóri reikningshaldið, innheimtu og greiðslur.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. júlí ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir liðið ár.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts, sem má taka lögtaki, og einnig er hann tryggður með lögveði í húseigninni næstu 2 ár á eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

13. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00 — eitt þúsund krónum —, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. janúar 1961.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

10

G J A L D S K R Á

12. jan.

fyrir vatnsveitu Garðahrepps.

1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Garðahrepps, sem virt eru fasteignamati og standa við götu eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða vatnsskatt.

2. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Garðahrepps, sem svo er ástatt um, sem getur í 1. gr. gjaldskrár þessarar, skal greiða tengigjald kr. 2000.00 af hverju húsi.

Þá skal greiða árlegan vatnsskatt, að upphæð 2% af fasteignamati húss. Þó skal aldrei greiða minna en kr. 500.00 af hverri íbúð.

Hús þau, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, skulu greiða aukavatnsskatt kr. 1.50 fyrir hvern rúmmetra vatns samkvæmt vatnsmæli eða áætlun vatnsveitunnar.

Nú er hús tekið í notkun án þess að fasteignamat þess hafi farið fram, og skal þá greiða í vatnsskatt kr. 3.00 fyrir hvern rúmmetra íbúðarhúsnæðis.

3. gr.

Gjald fyrir uppsetningu vatnsmæla:

5—7	rúmmetra mælir	kr.	400.00
10—20	—	—	800.00
50—80	—	—	2000.00

Leiga fyrir vatnsmæla:

5—7	rúmmetra mælir	kr. 250.00 á ári.
10—20	—	— — 300.00 — —
50—80	—	— — 800.00 — —

10
12. jan.

Gjald fyrir enduropnun heimæðar kr. 100.00, þó eigi lægra gjald en kostnaði nemur hverju sinni.

4. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húss síns og hefur vatnsveitan lögveð í húseigninni til tryggingar greiðslu skattsins.

5. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50%, án staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. janúar 1961.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir Garðahrepp.

11
14. jan.

I. KAFLI

Stjórn byggingarmála.

1. gr.

1. Byggingarnefnd fer með byggingarmálefni hreppsins undir yfirstjórn sveitarstjórnar.
2. Lóðareiganda eða lóðarleigjanda er heimilt, er honum þykir rétti sínum hallað með ályktuninni, að skjóta henni til fullnaðarúrskurðar stjórnarráðs.
Nú greinir byggingarnefnd og sveitarstjórn á um afgreiðslu máls, sker þá stjórnarráðið úr.
3. Byggingarnefnd sér um, að byggingarsamþykktinni sé fylgt.

2. gr.

1. Byggingarnefnd skipa 3 menn, kosnir af sveitarstjórn árlega. Samtímis skal kjósa 3 menn til vara.
2. Byggingarnefnd heldur fund einu sinni í mánuði hverjum, eða oftari, ef formaður ákveður. Reglulegir fundir skulu að jafnaði haldnir fyrsta fimmtudag hvers mánaðar. Málefni, sem koma eiga fyrir byggingarnefnd, skulu koma til formanns byggingarnefndar fyrir hádegi þriðjudags næstan fyrir fundinn.
3. Nefndin heldur sérstaka gerðabók yfir athafnir sínar og ályktanir.